

**Sp.**

### **473. Tillaga til þingsályktunar**

um meðferð á burtfluttum beinum Jóns Arasonar og sona hans og um vörzlu kirkjugripa.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað skila í kirkjugarð Hólakirkju í Hjaltadal beinum þeim, sem þar hafa verið grafin úr jörð og flutt til Reykjavíkur og kennd við Jón biskup Arason og sonu hans. Jafnframt er lagt fyrir ríkisstjórnina að skila Hólakirkju öllum þeim kirkjugripum, sem þar hafa verið teknir og fluttir í Þjóðminjasafnið, og öllum öðrum íslenskum kirkjum þeim gripum úr framan nefndu safni, sem þær hafa fyrrum átt, enda mæli biskup landsins, hlutaðeigandi sóknarprestar og sóknarnefndir með heimflutningnum.

#### **Greinargerð.**

Það hefur vakið óskipta undrun, að umboðslaus og óviðkomandi maður hefur fyrir 30 árum grafið upp á Hólum í Hjaltadal þrjár beinagrindur, sem hann telur vera jarðneskar leifar Jóns Arasonar og sona hans. Maður þessi hefur síðan haft beinin undir höndum, en farið svo leynilega með þessar sögulegu minjar, að almenningi í landinu hefur verið ókunnugt um þessar aðgerðir, þar til málinu var hreyft á Alþingi. Kemur ekki til mála annað en að þessum beinagrindum verði tafarlaust skilað heim að Hólum. Síðustu stundir ævinnar var Jón biskup bundinn með hug sinn við heimför til Hóla, og þegar hann hafði látið lífið fyrir danskri makt suður í Skálholti, sóttu Skagfirðingar líkami þeirra feðga suður yfir öræfin og jarðsettu þau á Hólum. Það þarf stórfellt skilningsleysi á sögu landsins og tilfinningum Skagfirðinga til að geta búizt við, að mál þetta verði látið niður falla, eins og því er nú komið.

Þá hefur sjálf dómkirkjan á Hólum verið rúin flestum sínum góðu gripum og þeir fluttir í Þjóðminjasafnið. Er þetta furðuleg og óafsakanleg djarftækni. Má segja hið sama um fjölda annarra kirkna, að þær hafa verið sviptar helgigripum sínum. Hefur þessum gripum verið safnað til Reykjavíkur og geymdir undir timburpaki í miðbænum, og gæti allt safnið farizt þar í eldi á nokkrum mínútum. Á styrjaldartímum er hættan fyrir slíka gripi hvergi jafnmikil á öllu landinu eins og við höfnina í Reykjavík. Þykir nú við eiga að nota þann almenna áhuga, sem vaknað hefur í sambandi við framkomu dr. Guðbrands Jónssonar varðandi óleyfilega meðferð hans á jarðneskum leifum Jóns Arasonar og sona hans, til að koma eðlilegri skipun á öll þessi mál með því, að allar kirkjur utan höfuðstaðarins fái aftur frá Þjóðminjasafninu alla sína gömlu gripi, sem þangað hafa verið fluttir, og verði haft um þetta ráð biskups, hlutaðeigandi presta og sóknarnefnda.